

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/902
komudagur 12.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2007

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um verslunaratvinnu, eigendasaga myndverka o.fl., 414. mál.

Neytendasamtökin styðja lögfestingu þessa frumvarps enda er aukin vernd neytenda gegn því að kaupa fölsuð listaverk til mikilla bóta.

Neytendasamtökin vilja þó gera athugasemd við 2. gr. b. í frumvarpinu þar sem fram kemur að kaupandi uppboðsmunar geti ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi eða uppboðsstjóri hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð. Þetta ákvæði er sambærilegt 3. mgr. 23. gr. gildandi laga um verslunarkaup nr. 28/1998. Í 2. mgr. 17. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003 er fjallað um sölu notaðra hluta á uppboði þegar neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur. Erfitt er að sjá hvernig þessar tvær greinar spila saman enda virðast heimildir til að gera kröfu vegna galla vera víðtækari skv. neytendakaupalögunum. Telja Neytendasamtökin eðlilegt að ákvæðið í frumvarpinu sem hér er til umsagnar verði fært til samræmis við neytendakaupalög.

Neytendasamtökin gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið og styðja lögfestingu þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,

Íris Ösp Ingjaldsdóttir
Íris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.